

Hæsti hitinn í Héðinsfirði?

Hitinn komst upp í 16,9 stig í Héðinsfirði kl. 22 í kvöld og í 16,7 stig á Siglufirði, samkvæmt mælingum sem eru birtar á [vef Veðurstofu Íslands](#). Að vísu kemur þar fram að 19,7 stig hafi verið á Kvískerjum í Öræfum en sú mæling er dregin í efa í frétt Mbl.is (sjá [hér](#)).

Mesti hiti í desember hingað til hefur verið talinn vera á Sauðanesi vestan Siglufjarðar, 18,4 stig 14. desember 2001.

Mynd (úr safni): Sigurður Ægisson | sae@sae.is.

Texti: Jónas Ragnarsson | jr@jr.is.